

Ólöf Nordal innanríkisráðherra
Innanríkisráðuneytinu
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. júní 2016

Efni: Isavia og íslenskt mál

Íslensk málnefnd vill vekja athygli ráðuneytisins á notkun ensku á Keflavíkurlflugvelli en henni hafa borist ábendingar víða að m.a.frá Kristjáni Sigurjónssyni sem heldur úti fréttavefnum turisti.is (<http://turisti.is/frettir/2522-thjodtungan-fyrst-og-svo-enska-a-hinum-norraenu-flugvoellunum>). Felst gagnrýnin einkum í því að áhersla er lögð á enska tungu á Keflavíkurlflugvelli en íslenska er í öðru sæti eða kemur alls ekki fram. Einnig var fjallað um málið í fjölmiðlum og rætt við formann Íslenskrar málnefndar á Bylgjunni 22. febrúar.

Málnefndin ritaði bréf til Björns Óla Haukssonar, forstjóra Isavia, 29. apríl 2016 þar sem bent var á íslenska málstefnu, sem Alþingi samþykkti 12. mars 2009, og lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákmarks nr. 61 frá júní 2011 en þar stendur í 1. gr. „Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi.“ Í 8. gr. stendur: „Íslenska er mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannþjónustu.“ Enginn ætti því að velkjast í vafa um stöðu íslenskrar tungu. Bréfið til Isavia fylgir með til frekari upplýsinga. Skemmst er frá því að segja að engin viðbrögð hafa borist við bréfi Íslenskrar málnefndar.

Á vef innanríkisráðuneytisins er frétt um undirritun samstarfssamnings við Isavia frá 1. júní 2016 þar sem stendur m.a.: „Kveður hann á um fjárveitingar og verkefni **Isavia** á þessu ári sem snúast einkum um rekstur og þjónustu á flugvöllum landsins. Þá fjallar hann um framkvæmdir á flugvöllum landsins.“ Skiltagerð er einn liður í framkvæmdum á flugvöllum og þar á íslenska að vera í fyrsta sæti, enska eða önnur mál fyrir aftan eða neðan. Þannig fara nágrannaþjóðir okkar að og flestar þjóðir í Evrópu hafa opinbera þjóðtungu á undan ensku.

Íslensk málnefnd óskar eftir viðræðum við innanríkisráðherra um þetta mál og önnur sambærileg ef áhugi er á að styðja við íslenska tungu í vaxandi ágangi ensku.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Íslenskrar málnefndar

Guðrún Kvaran
formaður

Afrit: Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia